

2006020010

0000; 9310

Hönnun hf
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2006

Efni: Bílastæðahús við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Íslenskra aðalverktaka hf. að matsáætlun um bílastæðahús fyrir um 1600 bíla við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfn í Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Hönnunar, f.h. Íslenskra aðalverktaka dags. 21. apríl 2006 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Bílastæðahús við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfn í Reykjavík. Hönnun hf. apríl 2006.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg með bréfi dags. 11. maí 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. maí 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. maí 2006 og umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 5. maí 2006. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 10., 15. og 23. maí 2006.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Íslenskra aðalverktaka hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og svörum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum, sem tilgreindar eru í svörum framkvæmdaraðila í bréfum dags. 10., 15., og 23. maí 2006 og með eftirfarandi athugasemendum.

Upplýsingar um umferð og afleidd áhrif hennar

Í kafla 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umfang framkvæmdarinnar og þar tekið fram að hún sé í raun hluti af stærra verkefni og eigi að anna fyrirhugaðri bílastæðapörf vegna

tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar auk annarrar starfsemi sem fyrirhuguð sé á svæðinu s.s. hótel, skrifstofa og verslana. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að í frummatsskýrslu beri að fjalla um áhrif framkvæmdanna á umferðarflæði og umferðarrýmd á svæðinu og ekki síður að gera grein fyrir áhrifum sprenginga á framkvæmdatíma á hljóðstig við næstu íbúðarhús. Einnig tekur Skipulagsstofnun undir með umhverfissviði Reykjavíkurborgar um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir því hvort og þá hvernig verði gerðar ráðstafanir vegna mengunar af völdum útblásturs í bílakjallaranum.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og umhverfissvið Reykjavíkurborgar.